

**Sp.**

**546. Fyrirspurn**

**[309. mál]**

til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við fangelsismál árin 1983, 1984 og 1985?  
Hvernig skiptist hann annars vegar í:
  - a. rekstrar- og húsnæðiskostnað,
  - b. laun fangavarða, fæði og annað?
2. Hve margir fangar voru í fangelsum landsins árin 1983, 1984 og 1985?
3. Var dreifing afplánunardóma jöfn yfir allt tímabilið?
4. Hve mörg vistunarrými eru alls í fangelsum landsins?
5. Er þörf á fleiri vistunarrýmum? Ef svo er, hve mörgum og hve fljótt?